

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Austur-Héraðs 2002-2017, Miðvangur.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 1. mars 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Austur-Héraðs 2002-2017 frá 10. júlí 2002.

Breytingin felst í eftirfarandi:

- Miðvangur 18, 20 og 22 breytist úr svæði fyrir þjónustustofnanir í íbúðarsvæði.
- Landnotkun á hluta svæðis milli Austurlandsvegur og Miðvangs breytist úr blandaðri landnotkun, þjónustustofnanir/athafnasvæði, í miðsvæði.
- Lega göngustígs á suðurhluta svæðisins færast til vesturs milli íbúðarsvæðis og miðsvæðis.
- Ný aðkoma verður frá Hringvegi 1 að Miðvangi um 200 m norðan við Fagradalsbraut.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Fjarðabyggðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 1. mars 2004.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

19. febrúar 2004

Nr. 218

## GJALDSKRÁ

### fyrir búfjárefirlit á Akranesi.

1. gr.

Gjald fyrir sérstaka haustskoðun sbr. 11. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl. skal miðast við tímaeiningu. Gjald á tímaeiningu, sem er ein klst., er kr. 5.700.

2. gr.

Eftirlitsgjald sbr. 15. og 16. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárefirlit o.fl., skal vera kr. 5.700 á tímaeiningu.

3. gr.

Aksturskostnaður vegna ferða eftirlitsmanna sbr. 1. og 2. gr. skal greiddur af umráðamanni hlutaðeigandi búfjár. Kostnaður á hvern ekinn km miðast við gjald sem ákveðið er af ferðakostnaðarnefnd fjármálaráðuneytisins. Virðisaukaskattur reiknast aukalega á hverja gjaldtöku skv. 1., 2. og 3. gr.

4. gr.

Purfi að leita dómsúrskurðar til að tryggja eftirlitsaðilum aðgang að gripahúsum sbr. 15. gr. laga nr. 103/2002 um búfjárhald o.fl., skal hlutaðeigandi umráðamaður búfjár greiða gjald sem nemur útlögðum kostnaði kaupstaðarins í hverju úrskurðarmáli.

5. gr.

Endurskoðun gjaldskrár þessarar skal fara fram við afgreiðslu fjárhagsáætlunar kaupstaðarins hvert ár.

6. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 4. mgr. 10. gr. laga um búfjárhald o.fl., nr. 103/2002 og tekur þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 353/2003.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 19. febrúar 2004.*

**Guðni Ágústsson.**

*Atli Már Ingólfsson.*

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag Miðvangs 13, Egilsstöðum.

Bæjarstjórn Austur-Héraðs hefur þann 7. janúar 2004 samþykkt deiliskipulag fyrir lóðina Miðvangur 13, Egilsstöðum. Lóðin er skilgreind sem miðsvæði samkvæmt aðalskipulagi Austur-Héraðs 2002-2017, með síðari breytingum.

Ofangreint deiliskipulag hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir og öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi deiliskipulag miðbæjar við Miðvang á Egilsstöðum frá 7. mars 2000.

*Egilsstöðum, 27. febrúar 2004.*

**Þórhallur Pálsson** skipulagsfulltrúi.

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi „Miðbæjar Hafnarfjarðar vegna Linnestígs 2“ í Hafnarfirði.

Breytingin felst í að gert er ráð fyrir 4 hæða húsi með inndreginni efstu hæð í stað 3 hæða húss. Hámarksvegg- og mænishæð verði 12,8 m. Deiliskipulagsbreytingin var samþykkt óbreytt í bæjarstjórn þann 11. nóvember 2003 skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga. Breytingin öðlast gildi nú þegar.

*Hafnarfirði, 26. febrúar 2004.*

**Bjarki Jóhannesson**, sviðsstjóri  
umhverfis- og tæknisviðs Hafnarfjarðar.